



## **Reglur um skammtí mavistun fyrir fatlað fólk**

### **1.gr.**

#### **Markmið og markhópur**

Samkvæmt 22. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 er skammtí mavistun ætlað að veita fötluðum einstaklingum með flóknar þjónustufarfir tímabundna dvöl vegna erfiðra heimilisaðstæðna, svo sem vegna veikinda eða annars álags.

### **2. gr.**

Sem leiðandi sveitarfélag sér Akureyrarbær um þjónustuna á þjónustusvæði um málefni fatlaðs fólks í Eyjafirði. Þjónustusvæðið, auk Akureyrar, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur. Allir íbúar á svæðinu eiga jafnframt rétt til þjónustu að uppfylltum öðrum viðmiðum samkvæmt reglum þessum.

Í skammtí mavistun skal veitt umönnun, gæsla og þjálfun þar sem það á við.

### **3. gr.**

#### **Skipulag þjónustu**

Skammtí mavjónusta getur annars vegar verið reglubundin dvöl samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun og hins vegar neyðarvistun til að mæta óvæntum áföllum í fjölskyldum.

Þrisvar sinnum á ári er gerð áætlun um fyrirkomulag þjónustunnar byggð á óskum og fyrirsjáanlegum þörfum foreldra.

Starfsfólk skammtí mavistunar situr reglulega teymisfundi varðandi einstök börn.

Við skipulag og aðra áætlanagerð skal þess gætt að hafa svigrúm til að mæta neyðarvistun.

Viðmið um hámarksþjónustu er önnur hver vika eða fjórtán dagar í mánuði.

#### **4. gr.**

##### **Ferli umsókna**

Umsóknir um skammtímaþjónustur fyrir fatlað fólk berist Búsetudeild Akureyrarbæjar á sérstökum eyðublöðum sem þar fást eða á slóðinni [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is). Á eyðublaðinu skal koma fram að með undirskrift sinni samþykki umsækjandi/forráðamaður öflun frekari upplýsinga um þjónustupörf hjá fagmönnum sem til þekkja

#### **5. gr.**

##### **Afgreiðsla umsókna**

Framkvæmdastjórnar búsetudeildar og fjölskyldudeildar skipa fagteymi sem er forstöðumanni til ráðgjafar, metur og afgreiðir umsóknir ásamt honum og tekur fyrir kvartanir sem berast varðandi þjónustuna.

Þrisvar á ári hið minnsta er fagteymið kallað saman. Þegar umsókn um neyðarvistun eða kvartanir berast skal hópurinn kallaður saman.

Ákvörðun um dvalartíma er byggð á einstaklingsmiðuðu mati út frá umsókn og þeim gögnum sem aflað er. Við matið er m.a. litið á fötlun, umönnunarþyngd, aldur umsækjanda, fjölskylduaðstæður og aðra þjónustu sem fjölskylda fær.

#### **6.gr.**

##### **Framkvæmd þjónustunnar**

Eftir samþykkt þjónustunnar eru aðstandendur og umsækjandi, ef við á, boðaðir á fund til að gera samning um þjónustuna. Þjónustusamningurinn lýsir þörfum fyrir þjónustu, er einstaklingsmiðaður og inniheldur meðal annars upplýsingar um skipulag og framkvæmd þjónustunnar og samskipti við aðstandendur.

Þjónustusamningur skal vera tilbúinn til undirskriftar ekki síðar en þremur mánuðum eftir að þjónusta hefst.

#### **7. gr.**

##### **Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í stafi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

## **8.gr.**

### **Rangar eða villandi upplýsingar**

Þjónusta sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess er aðstoðina fær er í öllum tilfellum endurskoðuð og samningum rift ef þurfa þykir.

## **9. gr.**

### **Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum**

Framkvæmdastjóri búsetudeildar eða starfsmenn í umboði hans taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum.

## **10.gr.**

### **Kynning á ákvörðun**

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og reglna sveitarfélagsins um skammtímaþjónustu og kynna honum um leið rétt hans til áfrýjunar til Velferðarráðs.

## **11. gr.**

### **Málskotsréttur**

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun Búsetudeildar til Velferðarráðs innan fjögurra vikna frá því honum bars vitneskja um ákvörðun. Velferðarráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun Velferðarráðs til úrskurðanefndar Velferðarmála, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun Velferðarráðs.

## **12. gr.**

### **Endurupptaka máls**

Umsækjandi getur óskað þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef afgreiðsla Velferðarráðs á umsókn hans hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum gögnum upplýsingum um málsatvig eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs, innan þriggja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Meti bæjarráð að lagaleg skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi er erindi um endurupptöku vísað til Velferðarráðs til málsmeðferðar. Efnisatriði máls skulu ekki lögð fyrir bæjarráð.

## **13. gr.**

### **Gildistími**

Reglur þessar taka gildi frá og með 7. Júní 2016

Samþykkt í félagsmálaráði í 6. desember 2004

Samþykkt í bæjarstjórn í 14. desember 2004

Samþykkt í félagsmálaráði 12. desember 2012

Samþykkt í félagsmálaráði 27. nóvember 2013

Samþykkt í bæjarstjórn 3. desember 2013

Samþykkt í Velferðaráði 18. maí 2016

Samþykkt í bæjarstjórn 7. Júní 2016